



ÁSLANDSSKÓLI - FRÉTTABLAÐ

FLÓRGOÐINN

Meðal efnis í þessum Flórgoða:

- Alþjóðlegt samstarf
- Active bodies—active minds
- Þátttökupjóðir og skólar
- Merki verkefnisins
- Veðurverkefni í 2. bekk sem hluti af verkefninu
- Myndir frá fyrri verkefnum

GÓÐI segir:



Heilbrigð sál í hraustum líkama—það fellur seint úr gildi !

ALPJÓÐLEGT SAMSTARF

Kæru nemendur foreldrar / forráðamenn

Áslandsskóli hefur hafið nýtt alþjóðlegt skólaþróunarverkefni í ár sem ber heitið **Mens Sana: Active Bodies, Active Minds**.

Þetta er fjórða Comeniusarverkefni skólans frá upphafi. Reyndar hefur alþjóðaskrifstofan breytt heiti slíkra verkefna þannig að það samstarf sem áður var undir heitinu Comenius er núna Erasmus+ verkefni.

Fyrstu tvö verkefnin sem Áslandsskóli tók þátt í fjölluðu um ólíka menningarheima þeirra landa sem tóku þátt í hverju verkefni fyrir sig.

Fyrsta verkefnið hét **Culture Capsule**, 2005-2007, og vorum við þá í samstarfi við skóla í Istanbul, Işık Okulları, í Tyrklandi og Szkola Podstawowa,

IM.H.SIENKIEWICZA W HECZNAROWICACH í Póllandi sem var stýrisskólinn að verkefninu.

Næsta verkefni okkar **My World, Your world, Our World**, 2008-2010, var einnig menningartengt og samþætt enskukennslu í skólanum. Stjórnandi var Appleton Primary School í Oxfordshire Englandi. Einnig tóku þátt í verkefninu Longworth Primary School, San Filippo Neri Catholic School í Budapest og grunnskóli í Seville sem tekur aftur þátt í núverandi verkefni okkar.

Þriðja verkefnið, **Project Nature**, stóð yfir frá 2010-2013 var tengt umhverfisvernd ýmiss konar. Samstarfslönd okkar í því verki voru Slóvenía, Þýskaland, Spánn, Kýpur og Finnland.

Nú höfum við sem sagt hafið fjórða verkefnið, **Mens Sana, active bodies —active minds**.

Fjórir kennarar Áslandsskóla eru þessa dagana í Kristiansand í Noregi þar sem farið verður yfir það sem gerst hefur síðan verkefnið hófst ásamt því að næstu skref verða skipulögð.

Alþjóðleg verkefni eins og þau sem við höfum unnið að tengjast einni af hornstoðum Áslandsskóla, **hnattrænn skilningur**.

Þannig átta nemendur sig betur á menningarheimi ólíkra landa með því að vinna verkefni, ræða sín á milli og hafa þannig beina aðkomu að samstarfinu ásamt því að öðlast viðtækari skilning.

Leifur S. Garðarsson
Skólastjóri

Flórgoðinn er fréttablað Áslandsskóla.

Útgáfa blaðsins er rafræn og tölublöð má einnig finna á vefsetri skólans www.aslandsskoli.is

ACTIVE BODIES—ACTIVE MINDS !

Áslandsskóli hefur hafið nýtt alþjóðar skólaþróunarverkefni í ár sem ber heitið **Mens Sana: Active Bodies, Active Minds**.

Þetta er fjórða Comeniusarverkefni skólans síðan 2003 og í annað sinn sem Áslandsskóli er stjórnandi að Comeniusarverkefni. Síðasta verkefni okkar „Protect Nature“ lauk í fyrra og fjallaði það um náttúruvernd og sjálfbærni. Þá var söguaðferðin lögð til grundvallar kennslu og var sú kennsluáferð kynnt fyrir samstarfsskólum í upphafi verkefnisins þegar þeir heimsóttu Ísland.

En að þessu sinni fjallar verkefnið; **Mens Sana**, um heilsu eins og latneska yfirheitið ber með sér, líkamleg og andleg heilsa.

Grunnskólar sjö þjóða taka þátt í Mens Sana verkefninu: Noregs, Spánnar, Kýpur, Slóveníu, Þýskalands, Finnlands og Íslands. Af þessum löndum hafa fjórir skólar unnið með okkur áður í öðrum Comeniusarverkefnum.

Þetta verkefni hófst í vetur með kynning á skólaumhverfi, veðurfari og leikjum í frímínútunum. Í eina viku í nóvember var fylgst með veðri og myndir teknar af leikjum nemenda í frímínútunum. Þetta var endurtekið í fimmtu viku á þessu ári. Öllum myndum er síðan safnað saman á sameiginlega vefslóð www.minskole.no/Comenius sem má finna á forsiðu heimasíðu Áslandsskóla.

Nemendur fá síðan kynningu á hinum skólunum í gegnum vefsíðuna.

Eitt helsta markmiðið með Comeniusarverkefni er að kennarar frá mismunandi löndum hittist og vinni saman að undirbúningi skólaþróunarverkefnis. Þessi samvinna hefur tvímælaust eftir víðsýni og fagmennsku kennara.

Þann 11.-16. mars heimsækja fjórir kennarar úr Áslandsskóla grunnskólann **Kringsjå** í Kristianssand í Noregi. Kennarar sem fara í þessari heimsókn eru Jenny Berglind Rúnarsdóttir, stjórnandi verkefnisins, Úlfar Danielsson, tölvuumsjónarmaður og vefstjóri verkefnisins, Elín Þórarinsdóttir umsjónarkennari í 4. bekk og Helga Huld Sigtryggisdóttir umsjónarkennari í 1. bekk.

Í skólaheimsókninni í Noregi verður fylgst með starfssemi Kringsjå. Einnig verður fundað um áframhaldandi samvinnu og þá helst útikennslu og hvernig henni er háttað í hverjum skóla fyrir sig.

Þetta Comeniusar verkefni er ætlað nemendum í 1.-7. bekk. Verkefnum er úthlutað á bekk eða árganga eftir því hvar þau samþættast sem best við skólanámskrá. Sem dæmi má nefna að nemendur í 1., 2., 4. og 5. bekk tóku þátt í fyrsta verkefninu sem fjallaði um leiki úti í frímínútunum háð veðri hverju sinni.

Nemendur í 2. bekk samþættu hluta verkefnisins við enskunám þar sem þeir lærðu heiti á veðri og teiknuðu hvernig veðrið var á hverjum degi í eina viku í nóvember.

Nemendur í 5. bekk skráðu niður þá leiki sem léku í frímínútunum þessa viku og kennarar tóku myndir af nemendum í leik hjá 1. og 4. bekk. Þessu upplýsingum voru síðan safnað saman og hluti þeirra settur á vefsíðuna www.minskole.no/Comenius.

Í maí verður næsta skólaheimsókn haldin í Sevilla á Spáni. Þar heimsækjum við **CEIP Olivar de Quinto** grunnskólann og ræðum skipulagið, hvernig gengur og leggjum grunn að verkefninu fyrir næsta skólaár. Þau verkefni munu tengjast hreyfingu í formi dans og leiklistar. Þá er hugsanlegt að verkefni tengd hollu matarræði muni fléttast inn í lotukennslu yngri og miðdeildar

Í október verður svo fundað í grunnskólanum **Kirkonkylän ala-aste**, í Myrskylä á Finnlandi og í mars 2015 verður fundað í **A' Primary School, GERMASOGEIAS** í Limassol á Kýpur.

Lokafundurinn í verkefninu verður haldinn hér í **Áslandsskóla** í maí 2015, þá verður Comeniusar uppskeruhátíð.

ÞÁTTTAKENDUR Í VERKEFNINU

ACTIVE BODIES
ACTIVE MINDS





Merki verkefnisins 2014
MENS SANA
ACTIVE BODIES—ACTIVE MINDS



MENS SANA / ACTIVE BODIES— ACTIVE MINDS

Hér til hliðar má sjá hluta af verkum nemenda í 2. bekk þar sem þau skráðu hjá sér hvernig veðrið var í eina viku. Samhliða því lærðu þau um alls kyns veðurheiti á ensku.

Myndir frá fyrri verkefnum



ÚTILEIKIR 2014



ÚTILEIKIR 2014



ÚTILEIKIR 2014



SPÁNN



ÍRLAND



KÝPUR



Kríuási 1
221 Hafnarfirði
Sími: 585 4600
Bréfsími: 585 4610
www.aslandsskoli.is
aslandsskoli@aslandsskoli.is

www.aslandsskoli.is

FLÓRGÓÐINN
Fréttablað Áslandsskóla

Ábyrgð, hönnun, umbrot og skrif:

Leifur S. Garðarsson
skólastjóri